

Ár 2015, föstudaginn 20. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála**

### **I.**

Samkvæmt 5. mgr. 3. gr. a laga nr. 96/2002, um útlendinga, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 64/2014 um breytingu á þeim lögum, ákveður kjararáð laun og önnur starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála.

### **II.**

Kjararáði barst hinn 18. desember 2014 afrit af skipunarbréfi formanns kærunefndar útlendingamála sem skipaður var í embætti frá og með 1. desember 2014.

Með bréfum dagsettum 19. desember 2014 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör formanns kærunefndar útlendingamála, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var nýskipuðum formanni gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnáslutlaga nr. 37/1993.

Formaður kærunefndar útlendingamála sendi kjararáði bréf dagsett 30. desember 2014. Í bréfinu segir að starfið felist fyrst og fremst í virkri þátttöku í ákvörðunum um málefni hælisleitanda og innflytjenda þegar ákvarðanir lægra setts stjórnvalds séu kærðar til nefndarinnar. Stafið feli einnig í sér ábyrgð á skipulagningu á starfi nefndarinnar, rekstri, stjórnun, fjárhagsmálefnum og starfsmannahaldi, sem og fyrirsvar gagnvart hagsmunaaðilum, svo sem kærendum, fjölmiðlum og stjórnvöldum. Formaður beri ábyrgð á að nefndin og starfsfólk hennar vinni faglega að úrlausn kærumála í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Fram kemur að starfsmenn nefndarinnar árið 2015 verði sex, formaður, fjórir lögfræðingar og einn ritari. Nefndin sjálf sé skipuð tveimur nefndarmönnum, auk formanns. Varamenn taki sæti nefndarmanna í forföllum.

Í bréfi formannsins segir að fjöldi umsókna um hæli hafi aukist mjög á síðustu árum. Upplýsingar frá alþjóðastofnunum bendi til þess að ekki séu líkur á að úr þessari aukningu dragi. Lagaumhverfið sé einnig að verða flóknara og hið sama gildi um þá hagsmuni sem taka þurfi tillit til, svo sem fjölskylduhagsmuni og aukna erfiðleika ríkja Evrópusambandsins við framkvæmd alþjóðasamninga og löggjafar um hælisleitendur og innflytjendur. Fram kemur að þrátt fyrir tímabundna aukafjárveitingu til nefndarinnar sé ljóst að nefndinni sé þröngt skorinn stakkur til að ná tökum á þeim málafjölda og þeirri rannsóknarvinnu sem nauðsynleg sé til ákvarðanatöku. Því sé ljóst að starfið muni krefjast talsverðrar aukavinnu. Formaðurinn segir í bréfi sínu að þó starfið sé í eðli sínu ópólítískt sé málefnið sem það snúist um mjög pólítískt. Þróun í Evrópu bendi til þess að vægi þessa málefnis í pólítískri umræðu komi til með að aukast og byggjast meira á andstæðum sjónarmiðum og minna á upplýstri umræðu. Reynslan á Íslandi bendi til þess að þessi málaflokkur verði undir auknu og nánú eftirliti fjölmiðla og hagsmunaaðila í þjóðfélaginu og gagnrýni frá ákveðnum hópum. Af þessum sökum séu líkur á því að starfsumhverfið verði erfitt og geti haft neikvæð áhrif á einka- og fjölskyldulíf, jafnvel öryggi. Starfsfólk nefndarinnar komi til með að kynnast náið aðstæðum og erfiðum bakgrunni fólks sem hingað leiti og því verði stuðningur við starfsfólkið einnig hluti starfsins. Í bréfinu segir að starfið sjálf krefjist víðtækrar þekkingar á málefnum hælisleitanda og innflytjenda, oft frá sjónarhorni sem ekki sé hægt að öðlast með góðu móti í gegnum reynslu innanlands. Það krefjist góðra tengsla við stofnanir og hagsmunaaðila innanlands og náins samstarfs við alþjóðlegar stofnanir og í nágrannalöndum okkar og þar af leiðandi þekkingar og reynslu af alþjóðasamskiptum.

Bréf innanríkisráðuneytis dagsett 17. desember 2014 barst kjararáði þann 6. janúar 2015. Þar segir að með lögum nr. 64/2014 um breytingu á lögum nr. 96/2002 um útlendinga, með síðari breytingum, hafi úrskurðir í útlendingamálum færst frá innanríkisráðuneytinu yfir til sérstakrar kærunefndar. Hlutverk nefndarinnar, sem nefnist kærunefnd útlendingamála, sé skilgreint í lögum og í reglugerð um starfshætti nefndarinnar. Þar segi að formaður kærunefndarinnar hafi yfirstjórn hennar með

höndum. Hann fari með fyrirvar nefndarinnar út á við og beri ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Formaður úthluti málum til meðferðar. Hann ráði starfsfólk nefndarinnar í samræmi við samþykktar fjárheimildir og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varaformaður sé staðgengill formanns og gegni störfum hans þegar formaður sé forfallaður eða fjarstaddur. Formaður kærunefndarinnar geri starfsáætlun um fundi nefndarinnar og afgreiðslu kærumála, hann hafi umboð hennar til að skipuleggja meðferð mála milli funda, þ.m.t. til að taka ákvarðanir um rannsókn þeirra og gagnaöflun, hann hafi einnig umboð til að skipuleggja undirbúning úrskurða til framlagningar fyrir nefndina til afgreiðslu. Þá taki formaður ákvörðun um afhendingu gagna til málsaðila og annarra aðila eftir því sem við eigi.

Bréfi innanríkisráðuneytisins fylgdu upplýsingar um fjölda allra innkominna mála sem ráðuneytinu bárust árið 2013 og fram til 1. nóvember 2014 ásamt ítarlegri upplýsingum svo sem varðandi málsmeðferðartíma á hælismálum allt til ársins 2010. Segir jafnframt í bréfinu að af þessum gögnum megi sjá að töluverð aukning hafi verið í innkomnum málum vegna hælisleitenda síðust árin og áætlanir bendi til þess að þessi tala muni hækka enn frekar á næstu árum. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir eðli þeirra mála sem komi fyrir kærunefndina. Flest þeirra séu afar flókin og varði ríka einstaklingshagsmuni. Af þeim sökum megi gera ráð fyrir töluverðu álagi á formann nefndarinnar, t.d. í formi fjölmiðlaumfjöllunar eða mótmæla, líkt og fordæmi séu fyrir hjá ráðuneytinu. Fastar fjárheimildir nefndarinnar séu 33 milljónir á ári og tímabundin fjárheimild á árinu 2015 sé 21 milljón króna. Búast megi við að sú fjárheimild verði föst ef áætlanir um fjölda umsókna í útlendingamálum gangi eftir. Auk formannsins séu starfandi við nefndina tveir fastráðnir og tveir lausráðnir lögfræðingar sem og ritari.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 16. janúar 2015. Í bréfinu segir að kærunefnd útlendingamála sé sjálfstæð stjórnáætlunefnd og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra stjórnáætlunefnda við ákvörðun sína á launakjörum formanns nefndarinnar.

Með bréfi dagsettu 21. janúar 2015 fékk formaður send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi formannsins dagsettu 30. janúar 2015 er tekið undir að eðlilegt sé að kjararáð horfi til sambærilegra stjórnáætlunefnda líkt og bent sé á í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Við mat á því hvað teljist sambærilegt þurfi að hafa í huga álag á formann nefndarinnar t.d. í formi fjölmiðlaumfjöllunar eða mótmæla eins og fram komi í bréfi innanríkisráðuneytis. Slíkt álag sé mjög raunverulegt. Formaðurinn sé í fyrirvari fyrir nefnd sem taki ákvarðanir um ríka persónuhagsmuni fólks sem sé í ókunnugu umhverfi, hafi oft gengið í gegnum erfiða atburði og geti af þeim sökum verið í minna jafnvægi en skjólstaðingar og viðskiptavinir annarra stjórnáætlunefnda. Þó að ekki sé auðvelt að verðleggja slíkt álag þá sé ljóst að þetta starf sé ekki venjulegt stjórnáætlunefndarstarf með augljósa hliðstæðu í íslenski stjórnáætlun. Að endingu segir í bréfinu að nefndin hafi tekið yfir um 90 mál frá innanríkisráðuneytinu. Flest séu þau frá árinu 2014 en þau elstu frá því snemma árs 2013. Þessi mál verði unnin samhliða nýjum málum og reikna megi með að það taki um ár að klára þessi eldri mál frá ráðuneytinu.

### III.

Kærunefnd útlendingamála starfar samkvæmt lögum nr. 96/2002 með síðari breytingum. Kærunefndin er sjálfstæð stjórnáætlunefnd sem úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli 30. gr. laganna. Úrskurðum nefndarinnar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Við úrlausnir mála hefur kærunefndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnáætlustigi.

Innanríkisráðherra skipar kærunefnd útlendingamála til fimm ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Nefndarmenn skulu vera sérfróðir um mál er lög um útlendinga ná til. Ráðherra skipar formann nefndarinnar til fimm ára í senn. Skal formaður hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Formaður kærunefndar útlendingamála hefur yfirumsjón hennar með höndum. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Formaður úthlutar málum til meðferðar. Formaður ræður starfsfólk í samræmi við samþykktar fjárheimildir og ákvæði laga um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er kærunefnd útlendingamála ný stjórnáslunefnd og hefur kjararáð því ekki áður ákveðið formanni hennar laun. Við ákvörðun launa formanns kærunefndar útlendingamála hefur kjararáð haft hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna úrskurðarnefnda að teknu tilliti til stærðar og umfangs og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun formanns kærunefndar útlendingamála skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2014 skulu mánaðarlaun formanns kærunefndar útlendingamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 133, nú 739.553 krónur. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson